

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 26. maí 2015 kl. 12:00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Gerð grein fyrir málþingi sem Siðfræðistofnun hélt 12. maí s.l. um siðareglur þingmanna en fyrir Alþingi liggur tillaga um að leggja niður samráðsnefnd með breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands. Rætt um að fylgja málinu eftir í haust t.d. með málþingi og fá m.a. umboðsmann Alþingis til að taka þátt.
3. Ráðstefna um lýðræði hefst 27. maí og hafa um 40 manns skráð sig til þátttöku. Forseti Alþingis mun ávarpa þingið í upphafi. Með ráðstefnunni lýkur lýðræðsverkefninu en til stendur að gefa út greinasafn á næsta ári með helstu niðurstöðum.
4. Rætt stuttlega um hugmyndir að málþingum og útgáfur bóka.
5. Farið stuttlega yfir stöðu rannsóknarverkefna.
 - a. NERRI verkefnið. Næsti fundur er í Róm í júní.
 - b. Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði og POP-Gen. Fundur verður haldinn í Stokkhólmi í júní.
 - c. COST: ChipMe.
 - d. Verkefni um sjálfræði barna með RÁS. Verkefnið hefur dregist talsvert af ýmsum ástæðum, en vonandi kemur bók út í lok þess árs.
 - e. Samþættingarverkefni.
 - f. Hvalaverkefni
5. *Stefnt að því að halda næsta stjórnarfund í lok september.*

Fundi slitið 13.25.

S.N.